

## FYRSTI SAMSTARFSFUNDUR KÍ OG STÚDENTAFÉLAGANNA KENNÓ OG MAGISTER 2018-2019

Fundurinn var haldinn í KÍ, Laufásvegi 81, 6. september 2018

**Viðstaddir:** Ragnar Þór Pétursson formaður KÍ, Anna María Gunnarsdóttir varaformaður KÍ og tengiliður KÍ við stúdentafélöginn, Jóna Þórdís Eggertsdóttir ritari og tengiliður Kennó. Á Skype voru mættar þær Sólveig María Árnadóttir fyrrum tengiliður Magister og Karen Ósk Kristjánsdóttir formaður og tengiliður Magister.

Fundur var settur kl. 15:00.

### 1. UPPHAF

Aðilar byrjuðu á að kynna sig og reyfa málefni fundarins. Þá var ákveðið að þessi fundur væri tileinkaður því að leggja línurnar fyrir samstarfi vetrarins og að fundað yrði aftur á haustönn sem og vorönn.

### 2. MARKMIÐ SAMSTARFSINS

#### *a. Upplýstir kennaranemar*

KÍ vill að kennaranemar séu virkir hagsmunaðilar í málum sem þá varðar. Þá þurfa kennaranemar að vera upplýstir þátttakendur um þau mál sem verið er að vinna í hverju sinni. Þá var sérstaklega tekið fram að kennaranemar ættu að vera við borðið í menntapólitískum umræðum ráðuneytisins t.a.m. um leyfisbréf kennara og leiðsögn nýliða á vettvangi.

#### *b. Upplýsa KÍ*

Sömuleiðis vill KÍ að kennaranemar upplýsi þau um mál sem er í gangi hjá félögunum og eiga erindi til þeirra.

### 3. SAMSTARF VETRARINS

#### *a. Vísindaferðir*

KÍ vill bjóða kennaranemum til sín í vísindaferð líkt og undanfarin ár. Magister hefur fundið tímasetningu, vísindaferðastjóri Kennó ætlar að vera í sambandi við Önnu Maríu.

#### *b. Fundir með kennaranemum*

Jóna Þórdís stakk upp á að haldinn yrði opin hádegisfundur fyrir alla kennaranema í Stakkahlíð. Ákveðið var að gera það ásamt því að Ragnar og/eða Anna færu norður á Akureyri til að ræða við kennaranema þar.

#### *c. Heimsókn til framhaldsnema*

Ákveðið var að skoða hvort Anna og/eða Ragnar gætu komið í tíma til framhaldsnema á vorönn bæði til að kynna sér hvernig kennaranáminu er háttað núna og ræða málefni sem brenna á verðandi kennurum.

#### **4. NORRÆNT SAMSTARF**

Ráðstefna kennaranema um skólapolítík á norðurlöndunum veriður haldin í Kaupmannahöfn dagana 13. og 14. október. KÍ vill bjóða fulltrúum úr báðum skólum í ferðina þar sem greitt yrði flug, hótél og eitthvað af upphaldi. Nánar um samstarfið má skoða á [nlf.info](http://nlf.info).

Kennaranemar hafa til 14. september til að ákveða fulltrúa síns skóla til að fara á ráðstefnuna.

#### **5. ÍMYND KENNARANÁMSINS OG STÉTTARINNAR**

Auðvelt nám <-> erfið vinna

Mikilvægt er að kennaranemar taki þátt í að bæta ímynd kennaranámsins og stéttarfarinu. Þá vill KÍ aðstoða kennaranema við að koma sér á framfæri til að breyta hugarfari Íslendinga um kennaranámið. Þá á meðal annars að nýta alþjóðadag kennara 5. október.

#### **6. ÖNNUR MÁL**

Engin önnur mál lágu fyrir.

#### **7. NÆSTI SAMEIGINLEGI FUNDUR**

Stefnt að öðrum fundi á haustönn.

*Fundarritari,*

Jóna Þórdís Eggertsdóttir